



Ljósmyndasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Museum of Photography



Hallgerður Hallgrímsdóttir, *Án titils*, 2012

# Fjarski og nánd Íslensk samtímaljósmyndun

19.9.2020 – 10.1.2021

um sýnendur

# Agnieszka Sosnowska

*Dýrin hennar Arneyjar, Húsey, 2013/2020.*

„Stúlkan á myndinni var nemandi minn. Hún pantaði endurnar frá öðrum sveitabæ. Þær komu í kassa eftir langa bílferð. Stundum líður mér eins og Arneyju sem lærir að halda á öndunum í fanginu en stundum er ég í hlutverki fuglanna. Það tekur mig yfirleitt langan tíma að byggja upp sögu í myndunum mínum. Það getur tekið óratíma að setja upp myndavélina, þrífótinn, og mæla ljósið. Ég lýsi tvö til þrjú filmublöð á einni klukkustund. Ég nota Graflex 4X5 myndavél (view camera). Við höfum átt samleið í 30 ár. Vélin er framlenging af sjálfri mér og ég fer sjaldnast út án hennar. Ég hef ljósmyndað nemendur mína í 15 ár. Þessar ungu manneskjur eru annað og meira en nemendur. Ég prenta ljósmyndirnar í litlum stærðum því þær minna á fjölskyldumyndir. Ég vinn aðallega í svart-hvítu svo ég geti séð myndirnar fljótt. Maðurinn minn byggði myrakraherbergi til að ég gæti framkallað og prentað mínar eigin myndir á bænum. Myndatökurnar hvetja mig til að hugsa: *Hvað vil ég segja í dag?*”

# Bára Kristinsdóttir

*Heitir reitir, 2004.*

Bára vann verkefnið *Heitir reitir*, fyrir einkasýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur árið 2005. „Gróðurhús eru mjög heillandi og ekki síst að vetrarlagi. Inni í þeim er þessi sérstaka lykt af raka og mold. Einungis fimm millimetrar skilja þennan heim frá frosti og kulda. Innandyra er annað hljóð, fólk er að vinna þarna inni í stuttermabolum innan um agúrkur, tómata eða rósir, meðan úti er blindbylur.“ Myndirnar sem hér eru sýndar voru teknar í Hveragerði í desember 2004 inni í svokölluðu Banana-húsi Garðyrkjustólans. „Það var lítil birta og myndin því tekin á stærsta ljósopi. Myndin er tekin á póstíva 4 x 5 tommu filmu/slides og stækkuð í myrkri á R /reversal pappír, sem sagt aldrei komið í tölvu. Það er bara til eitt eintak af hverri og verður ekki hægt að gera fleiri nema með því að skanna inn og prenta stafrænt af því að pappírinn er ekki framleiddur lengur.“

# Bjargey Ólafsdóttir,

*Falskar tennur*, 1998/2020.

„Listsköpun mín er ekki bundin við einn listmiðil heldur vel ég þann miðil sem hentar hugmyndinni hverju sinni. Ég fæst við hljóðverk, gjörninga, kvikmynda- og vídeóverk, ég teikna, skrifa og ljósmynda. Í verkum mínum leitast ég við að fanga stemningar og segja sögur. Litróf tilfinninganna heillar mig, sem og töfraraunsæi, súrrealismi og lúmskur húmor. Fegurð og litir skipta mig miklu máli. Leikur, tilraunagleði, forvitni og hið óvænta eru einnig mikilvægir þættir í listsköpun minni. Ljósmyndamiðillinn leiddi mig yfir í kvikmyndamiðilinn. Ég tek iðulega sviðsettar ljósmyndir og því var rökrétt að færa sig yfir í kvikmyndina.“

Verkið *Falskar tennur* var uppistaðan í fyrstu einkasýningu Bjargeyjar á Íslandi í Nýlistasafninu haustið 1998. „Ég skaut myndina á 16 mm litfilmu. Ég skrifaði handritið og teiknaði svokallað *storyboard* til að útskýra framvindu sögunnar fyrir samstarfsaðilum mínum. Ég legg mikið upp úr ríkulægum undirbúningi og smáatriðum og var búin að ákveða litapalettuna, blátt, silfrað, og bleikt. Veggfóðrið var mjög dýrt. Þetta var veggfóður úr antík veggfóðursbúð, en okkur fannst það of gott til að nota það ekki. Ég hafði horft mikið á franskar *film noir* og nýbylgjukvikmyndir þegar ég gerði myndina. Því má greina áhrif þeirra í *Fölskum (frönskum) tönnum*. Kvikmyndin er mjög stutt, um þrjár mínútur. Það tók hins vegar þrjá til fjóra mánuði að setja saman þessar þrjár mínútur. Tónlistin er frumsamin af Kristjáni heitnum Eldjárn (1972-2002). Ég skaut ljósmyndaseríu meðfram kvikmyndatökunni sem ég hef einnig sýnt með kvikmyndinni eða sem sjálfstætt verk.“

# **Bragi Þór Jósefsson,**

*Varnarliðið / Iceland Defence Force, 2007.*

Myndin er úr verkefninu *Varnarliðið* sem Bragi sýndi í Ljósmyndasafni Reykjavíkur árið 2015. Myndirnar voru allar teknar á svæði bandarísku herstöðvarinnar í Keflavík skömmu eftir að herinn yfirgaf landið árið 2006 eftir 55 ára hersetu. Á varnarliðssvæðinu voru verslanir, skólar, sjúkrahús, kvikmyndahús, íþróttahús og skemmtistaðir auk íbúðarhúsa og hernaðarmannvirkja. Þegar mest var, töldust hermenn, starfslið hersins og fjölskyldur þeirra um 5.700 manns. „Ég sá svæðið fyrst með eigin augum þegar ég fór þangað í lítið ljósmyndaverkefni. Þá ákvað ég strax að ég vildi mynda það skipulega áður en öllu yrði breytt af Íslendingum. Bæði væri það sögulega nauðsynlegt og mér fannst það myndrænt spennandi og skemmtilega öðruvísi en það umhverfi sem við þekkjum svo vel hér á landi“.

# Claudia Hausfeld

*Kofi*, 2017.

„Verkið er ljósmynd sem ég tók af prenti sem var stækkuð mynd af lítilli mynd sem ég fann í bók sem fjallar um afríska menningu. Tilgangurinn með þessum margfeldiáhrifum er að afbyggja merkingu upprunalegu ljósmyndarinnar sem var að lýsa raunverulegu fyrirbæri. Frá vestrænu sjónarhorni er kofinn á myndinni óvenjulegur og hann færir enn lengra frá sjálfum sér þegar hann umbreytist í nánast óskiljanlegan nýjan hlut.“ Þannig flækir Claudia raunveruleikann í verkum sínum því hún lætur ljósmyndamiðilinn vinna gegn veruleikanum í stað þess að styrkja tengslin við hann. Myndir hennar umbreytast stundum í hluti og þær hvetja áhorfandann til að velta fyrir sér hvernig ljósmyndun breytir viðfangsefninu sem er myndað.

# **Daníel Þorkell Magnússon,**

OK, 1999/2020.

„Verkið OK frá árinu 1999 er eitt af fjórum verkum sem ég gerði á þessum tíma og fjölluðu um landslag og tungumál. Verkið átti þá forsögu að í sjónvarpsfréttum var þáverandi iðnaðarráðherra að tala um Gullfoss og ómöguleika þess að hann yrði virkjaður til rafmagnsframleiðslu. Hann nefndi það svo tók af öll tvímæli að til dæmis yrði Gullfoss aldrei virkjaður. Hann tók semsagt fossinn sem dæmi um vatnsfall sem aldrei yrði virkjað. Þess vegna fær fossinn þessa útlendu upphrópun um ágæti sitt og vegsauka.“

# Einar Falur Ingólfsson

*Aftur – Keflavíkurhöfn, 2007.*

*Aftur – Gagnfræðaskólinn, 2007/2020.*

Syrpan *Aftur* var fyrst sýnd í Listasafni Reykjanesbæjar árið 2007, alls 36 verk. Þetta var fyrsta verkefnið sem Einar Falur tók eftir handriti á 4x5 tommu filmu. Hann sneri aftur á bernskuslóðir og hugsaði verkefnið heildstætt, bæði sem bók og sýningu. „Myndstærðin skiptir miklu máli, miðillinn þarf að skila sér, hin mikla hlutlægni og upplýsingar sem stóra filman býður upp á. Þá hef ég kosið að hafa myndirnar innrammaðar, enn og aftur til að hnykkja á þeirri tilfinningu sem miðillin gefur og ýtir undir núning milli huglægninnar í viðfangsefninu, hlutlægni stóra formatsins og hlutarins sem innrömmuð myndin er.“



# Guðmundur Ingólfsson

*Skúlagata, 2008.*

*Borgartún, 2008.*

„There is nothing as mysterious as a fact clearly described. I photograph to see what something will look like photographed.“ Garry Winogrand (1928-1984)

Þessi tilvitnun í bandaríska ljósmyndarann Garry Winogrand hefur Guðmundi lengi þótt lýsa viðhorfi hans til ljósmyndunar. „Sumt skoða ég oft og vandlega áður en ég ákveð að þetta verði að ljósmynda annað tíni ég upp af götu minni. Allt þó í þeim tilgangi að sjá hvernig hluturinn tekur sig út á mynd eins hjá meistara Garry,“ segir Guðmundur.

# Gunnhildur Hauksdóttir

*Kókómjólk í hendi, 1999/2020.*

„Myndin varð til á námsárum mínum, á tímabili þar sem ég var að prófa mig áfram með mismunandi miðla. Ég notaði á þessum tíma ljósmynda- og myndbandsmiðla á persónulegan hátt eins og fólk gjarnan gerir í listrænni leit. Myndin var birt í tímaritinu *Andblæ*, á svipuðum tíma og aðrar seríur eftir mig. Verk í svipuðum dúr frá þessum tíma er t.a.m. myndaserían *Fullir strákar* þar sem ég notaði fundnar myndir af ungum mönnum sem höfðu dáið áfengisdauða á almannafæri og *Mamas and the Papas* þar sem ég sagði sögu foreldra minna í gegnum partýmyndir úr fjölskyldumyndaalbúnum. *Kókómjólk í hendi* varð til á andartaki þar sem ég stóð nakin og nývöknuð í eldhúsinu heima hjá mér og drakk kókómjólk í morgunmat, en áttaði mig á því að ég hafði byrjað á blæðingum þar sem ég stóð. Hún hét upphaflega *Blóð í klofi, kókómjólk í hendi*. Frummyndin og 35mm filman er glötuð, en myndin sem hér er til sýnis er skönnuð úr tímaritinu *Andblæ* sem er varveitt í Landsbókasafninu.“

# Hallgerður Hallgrímsdóttir

*Án titils*, 2012/2020.

„Drengina rakst ég á í Austur-Tyrklandi en þar ganga menn oft arm í arm og ég bað þá um að sleppa ekki takinu. Myndin er úr seríunni *Untitled* (2012) en myndunum var safnað einhverstaðar á Íslandi og í Tyrklandi, á tilraunakenndu flandri í leit að einhverju sem er ekki hægt að finna. Myndin sjálf heitir ekki neitt en yfirleitt titla ég ekki einstaka myndir í ljósmyndaseríum mínum. Sjóndeildarhringurinn er örlítið skakkur en ég kaus að halda honum þannig. Mistök og tilviljanir eru órjúfanlegur hluti ljósmyndunar og hluti af því sem mér finnst svo heillandi við miðilinn. Þrátt fyrir að vera lykilmynd í seríunni er myndin hófsöm í stærð og hefur bæði verið nelgd allsber beint á vegginn og römmuð inn á látlausan hátt. Óinnrömmuð hangir hún með þyrpingu mynda á stórum eða löngum vegg en án hinna myndanna í seríunni er gott að eiga stuðning í ramma og gleri. Rammi getur gefið mynd aukinn status, hún segir þá meira: „hér er ég“ en það hentar ekki öllum verkum, stundum þjónar hugmynd eða fagurfræði verks betur að þær séu ekki merktar dýrmætar með þessum hætti. Ég hugsa stundum um þetta eins og leturgerðir, þótt að lesandinn átti sig ekki endilega á hvaða letur sé notað eða hvaða ástæður liggja að baki valinu, þá hefur leturgerðin áhrif á stemningu textans, hún sendir undirmeðvitundinni skilaboð.“

# Katrín Elvarsdóttir

*Minning um Ísbjörn, 2019.*

„Ljósmyndirnar eru prentaðar á akrílplötur, sem að sumu leyti minna á glerplötturnar sem ljósmyndarar notuðu á níttjándu öld (og langt fram á þá tuttugustu). Hér er þeim stillt upp á hillu, sem frá sjónarhóli ljósmynda-sögunnar virkar eins og um dýrmætar fornleifar sé að ræða. Það er líka vísun í að brátt gætu þessi dýr, ásamt ísjökunum sem veita þeim lífsviður-væri, heyrt sögunni til. Verkið fjallar um loftslagsvána og dýr á barmi útrýmingar, en undanfarin ár hafa hvítabirnir orðið táknmynd loftslags-breytinga. Ljósmyndaserían sýnir ísbjarnarfeld, hramma, klær og aðra líkamshluta. Þeir tilheyra Knúti, ísbirninum fræga sem fæddist árið 2006 í dýragarðinum í Berlín. Knútur var fyrsti ísbjarnarhúnninn til að komast á legg í dýragarði í rúm þrjátíu ár. Líf Knúts fékk sviplegan endi þegar hann drukknaði í laug sinni fyrir framan hundruði gesta. Myndir af Knúti hafa oft verið notaðar í þeim tilgangi að beina sjónum almennings að umhverfi og náttúru, þar á meðal á þýsku frímerki með slagorðunum *Varðveitum náttúruna um heim allan.*“

# Kristleifur Björnsson

*This Would Suit Her. Rooftop # 1, 2007.*

Hvað vilja ljósmyndir okkur? Hafa þær náð yfirhöndinni, gert áhorfandann að viðfangi, nú þegar þær lofa upp í ermina á sér lífi sem bíður í heimi ofurraunverunnar (e. simulacra), í netheimum eða á skýi samfélagsmiðlanna? Myndlist Kristleifs Björnssonar hverfist um þessar spurningar og mætti lýsa henni sem einskona rannsókn á því hvernig auglýsingaljósmyndir heimta nána hlutdeild í einkalífi hvers og eins um leið og þær móta með beinum hætti raunveruleikasýn okkar og kveikja ótal langanir.

Í verkinu *This Would Suit Her* stígur Kristleifur beint inn í ljósmynda söguna. Hann minnir á hvernig veruleikinn varð að leiksviði fyrir framan ljósopið og myndir urðu óþrjótandi uppspretta frásagna í árdaga ljósmyndunar. Myndina *This Would Suit Her. Rooftop #1*, en hún er ein af sjö mynda seríu, mætti því lesa sem tregafullan metatexta um ljósmyndunina sjálfa sem fyrirbæri, upphaf hennar og mögulegan endi, um leið og Kristleifur sýnir það tangarhald sem ljósmyndun hefur náð á því innsta í okkur.

# Kristinn Ingvarsson

Elías Mar, 2000 /2020.

„Myndin af Elíasi Mar rithöfundinum var tekin á Mokka árið 2000 fyrir *Sköpunarsögur*, bók okkar Péturs Blöndal. Forlagið gaf bókina út árið 2007. Þetta er ein af mörgum myndum sem ég tók af Elíasi Mar. Ég tók líka myndir af honum heima og ávallt var sígarettan í munnstykkinu með á mynd. Hugmyndin að *Sköpunarsögum* var að draga upp mynd af viðkomandi einstaklingum, bæði í texta og ljósmyndum. Myndin var einnig á sýningu minni *Skuggaföll* í myndasal Þjóðminjasafnsins árið 2005 og var þar sögð lýsa höfundinum vel. Myndin er tekin á TR-X medium format filmu. Filman var skönnuð til prentunar í bókinni. Eintakið hér er starfræn prentun.“

# Orri

*Porri. Toronto 2015, 2018.*

*Ísland 2011, 2018.*

Tíminn er eitt af grunnviðfangsefnum ljósmyndamiðilsins, en verk Orra fjalla ekki beinlínis um skráningu á tímanum sem líður, heldur líftíma einstaklingsins sem fyrirbæri sem erfitt er að höndla á almennan hátt. Myndirnar sem hér eru sýndar koma úr stærra myndasafni sem Orri hefur unnið á sjálfsprottinn hátt á undanförunum áratugum. Verkið er bæði arkíf og fjölskyldualbúm, því kona hans og börn sjást í myndunum, oftast sem þögulir þátttakendur. Orri er tónlistarmaður sem hugsaði ljósmyndun sem persónulega tjáningu, einskonar upphafningu á hversdagsleikanum. Hann velur analog vinnuaðferðir vegna þess að sambandið við tímann er þá annað og hugsanlegra knappara en í stafrænu samhengi. „Ég hef í besta falli óljósan hugmynd um af hverju ég tek ljósmyndir, en þegar ég skoða framkallaðar filmurnar þá skil ég stundum betur eitthvað sem ég vissi ekki að ég vissi ekki.“

# Pétur Thomsen,

*Aðflutt landslag AL9\_8d, 2006/2008.*

Pétur Thomsen tók að vinna verkefnið *Aðflutt landslag* árið 2003 þegar umræðan og deilurnar um Kárahnjúkavirkjun stóðu sem hæst. Pétur fór reglulega austur að Kárahnjúkum og dvaldi þar í eina til þrjár vikur í senn „með það að markmiði að fylgja náttúrunni eftir í þessum miklu breytingum sem áttu sér stað og þannig votta náttúrunni virðingu mína með því að sýna íslenskt samtímalandslag.“ Heiti verksins sótti Pétur í ljóð eftir Svein Yngva Egilsson, en þar segir frá einkennilegri tilfinningu skáldsins þegar hann rakst á „íslensk“ fjöll í Skotlandi. En um hvað fjallar *Aðflutt landslag*? Verkið hefur verið túlkað sem innlegg í umræðu um náttúruvernd eða sem lýsing á átökum mannsins við hið háleita í samtímanum. Eitt er víst að í verkinu skapar Pétur formfastan myndheim sem einkennist af áferðarmiklum þungum formum náttúrunnar í andstöðu við óreiðu mannsins. Með því að ramma sjónarhornið þétt og draga ýmis litrík smáatriði inn í myndflötinn, ruglar Pétur áhorfandann í ríminu, enda eigi myndir „að hafa einhvern tilgang annan en að vera bara til skrauts. Tilgangurinn með ljósmynduninni er að takast á við eitthvað, fjalla um eitthvað sem skiptir máli.“ Um *AL9\_8d*, sem hér er sýnd, segir Pétur: „Myndin var tekin árið 2006 og prentuð árið 2008 hjá Grieger í Düsseldorf fyrir sýningu í BOZAR Centre for fine arts í Brussel. Þá gafst mér tækifæri til að framleiða verkið í Þýskalandi og ákvað því að prenta það stærra en ég hafði getað gert áður og láta setja það undir matt Diasec. Stærð mynda hefur mikil áhrif á upplifun áhorfandans af verkinu, það er eins og sumar myndir fái aukinn kraft með stækkun á meðan önnur verk þynnast út með mikilli stækkun og missa kraftinn. Frá 2005 hef ég sýnt *Aðflutt landslag* í ýmsum útgáfum og framsetningum; límdu upp á ál/dibond, prent negld beint á vegg og innrammað með og án glers svo eitthvað sé nefnt.“



# Spessi

*Bensín – Reykjavík, 1998.*

*Bensín – Starmýri, 1998.*

*111, 2018.*

*Bensín-Starmýri* er ein af rúmlega 100 mynda seríu sem Spessi tók af bensínstöðvum á Íslandi á árunum 1996-1998. Verkið var sýnt sem ein heild í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum árið 1999 og í kjölfarið kom út fyrsta ljósmyndabók Spessa, *Bensín*. Spessi hefur lengi haldið því fram að venjulegir hlutir séu áhugaverðastir og bensínstöðvarnar hafi kveikt forvitni hans einfaldlega vegna þess að þær séu falleg, sterk, hversdagsleg mannvirki, sem eru upplýst eins og minnsvarðar þegar skyggja tekur. Í verkinu *111*, sem Spessi vann í Breiðholti á árunum 2015 – 2018, vildi hann hinsvegar nálgast viðfangsefnið innanfrá. Hann kynntist íbúum hverfisins 111 í þeim tilgangi að ljá þeim rödd og gera þá sýnilega í samfélagi sem sér ekki lengur nærumhverfi sitt.